

Fimmtudaginn 12. febrúar 1998.

Nr. 159/1997.

Sigvaldi Þorleifsson hf.

(Gunnar Sólnes hrl.)

gegn

Jóni Hauki Bjarnasyni

(Helgi Jóhannesson hrl.)

og gagnsök

Sjómenn. Vinnusamningur. Uppsögn. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. apríl 1997 og krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á kröfunum og að málskostnaður falli þá niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði héraðsdómi með stefnu 16. júlí 1997 og krefst þess, að aðaláfrýjandi greiði sér 360.087 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1991 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gagnáfrýjanda var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti 17. desember 1997.

Aðila greinir í fyrsta lagi á um lengd ráðningartíma gagnáfrýjanda. Báðir bera þeir, að gagnáfrýjandi hafi verið ráðinn „á lúðuvertíðina“ og að ráðningartími hafi byrjað við lögskráningu 12. maí 1991. Þeir eru hins vegar ósammála um, hvenær lúðuvertíð hafi átt að ljúka. Þar sem ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við gagnáfrýjanda andstætt 1. mgr. 6. gr. og 42. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, ber aðaláfrýjandi halla af skorti á sönnun um lengd ráðningartímans. Aðaláfrýjandi sendi gagnáfrýjanda uppsagnarbréf, dagsett 1. september 1991, þar sem ástæða uppsagnar var tilgreind „vegna sölu á m/s Frey, ÓF-36“. Rennir bréf þetta ekki stoðum undir fullyrðingarnar aðaláfrýjanda um, að ráðning gagnáfrýjanda hafi verið tímabund-

in, heldur hið gagnstæða. Verður fallist á með héraðsdómi, að uppsögn gagnáfrýjanda hafi verið gerð með bréfi þessu og tekið gildi 1. september 1991. Aðaláfrýjandi fór ekki eftir ákvæðum 44. gr. sjómannalaga við uppsögnina. Gagnáfrýjandi á því rétt til bóta, sem nema þriggja mánaða kaupí, sbr. 3. mgr. 45. gr. sjómannalaga. Stóðar aðaláfrýjanda ekki að bera fyrir sig 47. gr. laganna, þar sem engar ávirðingar voru nefndar í uppsagnarbréfinu. Niðurstaða héraðsdóms um laun gagnáfrýjanda frá 1. september til nóvemberloka 1991 ásamt orlofi hefur ekki sætt tölulegum andmælum og verður því lögð til grundvallar dómi.

Aðaláfrýjandi krefst þess til vara, að frá kröfum gagnáfrýjanda verði dregin skuld hans 31. ágúst 1991 samkvæmt yfirliti aðaláfrýjanda, 175.224 krónur, símareikningar samtals að fjárhæð 45.876 krónur, og húsaleiga fyrir sambúðarkonu hans, 125.000 krónur. Gagnáfrýjandi hefur þvertekið fyrir ábyrgð sína á tveimur síðasttöldu kröfufliðunum, og hefur aðaláfrýjanda ekki tekist sönnun um þá. Hins vegar hefur gagnáfrýjandi sjálfur lagt fram í málinu launaseðla sína frá þessum tíma hjá aðaláfrýjanda. Kemur fram á launaseðli fyrir ágúst 1991, að gagnáfrýjandi hafi skuldað 127.224 krónur í lok mánaðarins. Gegn launaseðli þessum hefur gagnáfrýjandi ekki borið fram sönnur um, að hann hafi verið skuldlaus við aðaláfrýjanda 1. september 1991. Verður fjárhæð þessi því dregin frá kröfu hans.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 232.863 krónur með vöxtum. Við ákvörðun vaxta er tekið mið af því, að krafa gagnáfrýjanda samkvæmt 3. mgr. 45. gr. sjómannalaga er skaðabótakrafa, sbr. 2. mgr. 45. gr. Gagnáfrýjandi gerði engan reka að kröfum sínum fyrr en með innheimtubréfi lögmanns 29. júní 1995. Dæmast því vextir samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 1. desember 1991 til 29. júlí 1995, þegar mánuður var liðinn, frá því að gagnáfrýjandi krafði aðaláfrýjanda fyrst um greiðslu, en dráttarvextir samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags, eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Sigvaldi Þorleifsson hf., greiði gagnáfrýjanda, Jóni Hauki Bjarnasyni, 232.863 krónur með 2,8% ársvöxtum frá 1. desember 1991 til 21. sama mánaðar, 2,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,6% frá þeim degi til 1. mars sama árs, 1,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 1. maí sama árs, 1% frá þeim degi til 1. ágúst sama árs, 0,9% frá þeim degi til 1. janúar 1993, 1,3% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,2% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 11. febrúar sama árs, 1% frá þeim degi til 21. mars sama árs, 0,9% frá þeim degi til 1. apríl sama árs, 0,8% frá þeim degi til 11. ágúst sama árs, 0,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama árs, 0,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 0,5% frá þeim degi til 11. maí 1995 og 0,6% frá þeim degi til 29. júlí sama árs, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað skal vera óraskað.

Aðaláfrýjandi greiði 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 7. janúar 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. f. m. að undangengnum aðalflutningi, hefur Bjarni G. Björgvinsson hdl. höfðað með stefnu, út gefinni 24. ágúst 1995 og birtri 31. s. m., fyrir hönd Jóns Hauks Bjarnasonar, kt. 090457-5009, Ármúla 32, Reykjavík, á hendur Sigvalda Þorleifssyni, kt. 080115-2539, Hornbrekkuvegi 9, Ólafsfirði, sem stjórnarformanni f. h. hlutafélagsins Sigvalda Þorleifssonar, kt. 570269-7049, Aðalgötu 16, Ólafsfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér 401.745 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga af stefnufjárhæðinni frá 12.

desember 1991 til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti fram að greiðsludegi, í fyrsta sinn 12. desember 1992. Þá er krafist málskostnaðar, þ. e. a. s. málflutningsþóknunar, að viðbættum virðisaukaskatti, 216.454 kr., auk útlagðs kostnaðar, 48.123 kr. í málskostnað, samtals 264.577 kr., og að málskostnaðarfjárhæð beri vexti frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar stórlega. Jafnframt krefst hann í báðum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins eða samkvæmt fram lögðum reikningi.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að í apríl 1991 hafi hann verið ráðinn stýrimaður á skip stefnda, m/s Frey, ÓF-36, sem sé 185 lesta fiskiskip. Skömmu síðar hafi sér verið sagt upp ásamt öðrum skipverjum, en endurráðinn þá sem skipstjóri. Í báðum tilvikum hafi verið um að ræða ótímabundna ráðningu, en enginn skriflegur samningur verið gerður við stefnanda. Við seinni ráðninguna, 12. maí 1992, hafi hann verið lögskráður sem skipstjóri í samræmi við ráðningarsamning. Hinn 1. ágúst s. á. hafi stefnandi verið lögskráður úr skiprúmi án sinnar vitundar, en hann hafi unnið um borð í skipinu til 12. september 1991, er honum barst uppsagnarbréf frá stefnda, dagsett 1. september þ. á. Stefnandi mótmælti þessu framferði gagnvart sér og benti á, að hann ætti samnings- og lögbundinn rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests. Hafi hann snúið sér til Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar til að leita réttar síns, og þar hafi krafa sín verið reiknuð út. Í samræmi við þá útreikninga krefst stefnandi 326.119 kr. vegna ógreiddra launa frá 1. september 1991 til 12. desember s. á., er uppsagnarfrestur rann út, og 75.626 kr. vegna ógreidds orlofs, sem á fallið er eftir 1. maí 1991, en stefndi hafi ekki gert skil á við lok uppsagnarfrests, svo sem lögboðið sé, sbr. 8. gr. laga nr. 30/1987 um orlof. Alls nemi krafa stefnanda því 401.745 kr., sem eru stefnuþjárhæð.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru þau, að hann hafi verið ráðinn ótímabundinni ráðningu skipstjóri á m/s Frey, ÓF-36, sem þá hafi verið þinglýst eign stefnda. Ekki hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnda, svo sem lög bjóði, en stefndi sem útgerðarmaður beri hallann af því, að svo hafi ekki verið gert. Stefnandi hafi verið lögskráður sem skipstjóri 12. maí 1991, og skyldu um ráðningarkjör gilda kjarasamningar viðkomandi stéttarfélags, í tilfelli stefnanda kjarasamningur milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar, sem að stofni til er frá 1987. Með því að slíta ráðningarsamningi með þeim hætti, sem að framan er rak-

ið, hafi stefndi fellt á sig bótaskyldu gagnvart stefnanda, sem nemi að minnsta kosti þriggja mánaða launum frá uppsagnardegi. Samkvæmt fyrrgreindum kjarasamningi skal útgerðarmaður tryggja skipstjóra ákveðin lágmarksalaun, ef afli er lítill. Þar sem stefndi hafi selt skipið í september 1991, sé unnt að miða við aflahlutdeild, og miðast því launakrafa stefnanda við kauptryggingu, sem er fast mánaðarkaup, sbr. launatöflu fiskimanna nr. 4, sbr. dskj. nr. 13, sem gildi frá 1. júlí 1991. Krafist er dráttarvaxta af stefnufjárhæð frá 12. desember 1991, en þá hafi uppsagnarfrestur runnið út, og um leið hafi gjaldfallið síðasti hluti launakröfu svo og öll orlofskrafa.

Til lagaraka vísar stefnandi í sjómannalög nr. 35/1985, 6. gr., 2. mgr. 9. gr., 25. gr., 27. og 32. gr., og til áréttingar þessum ákvæðum sjómannalaga vísar hann til eftirgreindra ákvæða kjarasamnings fyrir yfirmenn á bátum og togurum allt að 500 brúttórúmllestum, út gefins í Reykjavík 1987, sbr. dskj. nr. 12., gr. 1.05, um kauptryggingu, 1.06 um mánaðarlegt reikningsuppgjör, 1.20 og 1.21 um vinnu við skip, sem er landfast, 1.33 um ráðningu og uppsögn yfirmanna og 1.37 um rétt til orlofs. Orlofskröfu styður hann við 8. gr. laga nr. 30/1987 um orlof og greiðslu skuldarinnar við almennar reglur kröfuréttar og vaxtakröfu við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Málskostnaðarkrafa er byggð á lögum um meðferð einkamála og krafa um virðisaukaskatt á málskostnað á lögum nr. 50/1988.

Stefndi lýsir málsatvikum svo, að stefnandi hafi verið ráðinn skipstjóri af stefnda á m/s Frey, ÓF-36, á lúðuvertíð tímabilið frá maí 1991 til vertíðar- loka að forfallalaus, sem séu að jafnaði í ágústlok eða byrjun september. Í upphafi hafi verið ætlunin að sjá til með útgerð skipsins eftir lúðuvertíðina eða jafnvel sölu þess. Hafi stefnandi verið sammála forráðamanni stefnda um að prófa þetta og sjá til um framhaldið. Í upphafi hafi þetta gengið ágætlega, en fljótlega hafi stefnda farið að berast fréttir af drykkjuskap og ólífnaði um borð í skipinu, þegar það var í landi. Jafnframt hafi farið að bera á óeðlilega miklum símahringingum af hálfu stefnanda til forsvarsmanns stefnda í vinnu sem og á heimili hans utan vinnutíma, svo að hann eða fjölskylda hans hafði hvorki vinnufrið né svefnfrið. Erindið hafi einatt verið hið sama, að biðja um peninga fyrir fram. Þá hafi verið farið að bera nokkuð á því, að birgjar höfðu samband við forsvarsmann stefnda vegna óeðlilegra úttektarbeiðna, svo sem vegna lyfja og tóbaks í ótæpilegu magni. Við starfslok hafi stefndi lagt út fyrir húsaleigu í þágu stefnanda fyrir íbúð að Kirkjuvegi 6, Ólafsfirði, frá aprílbyrjun til ágústloka 1991, alls 125.000 kr. Þá hafi stefnandi tekið út vörur og þjónustu í eigin þágu, sem greitt var fyrir af stefnda, 210.894 kr., samtals 345.894 (?) kr. samkvæmt viðskiptayfirliti á dskj. nr. 30, sem stefndi telur sig eiga inni hjá stefnanda auk vaxta.

Málsástæður og lagarök stefnda eru þau, að samkvæmt munnlegum ráðningarsamningi hafi verið samið um afmarkaðan ráðningartíma, þ. e. a. s. lúðuvertíð 1991, án uppsagnar, og hafi stefnandi fengið greiðslur langt umfram umsamin laun, þar sem hann skuldaði stefnda 345.894 kr. (?) við starfslok. Þá telur stefndi, að stefnandi hafi með framferði sínu svo alvarlega brotið af sér í starfi, að það eitt sér hafi réttlætt tafarlaus starfslok hans.

Varakröfu sína reisir stefndi á því, að stefnandi hafi tekið út vörur og þjónustu í nafni útgerðarinnar langt umfram heimildir. Þá hafi stefnandi og eiginkona hans tekið út peninga hjá útgerðinni og skuldað stefnda 345.894 kr. (?) samkvæmt uppgjöri við starfslok, sem draga beri frá kröfu stefnanda.

Stefndi styður kröfur sínar almennum reglum kröfuréttarins.

Verða nú gögn málsins rakin og framburður vitna og aðila, eftir því sem ástæða þykir.

Á dskj. nr. 3 hefur stefnandi sundurliðað kröfu sína samkvæmt útreikningi Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, þ. e. a. s. laun í uppsagnarfresti, september til desember 1991. Laun í september 122.910 kr. mínus orlof og annar frádráttur 23.760 kr., þ. e. laun til útborgunar 99.150 kr., laun í október 1991 115.332 kr. mínus orlof og annar frádráttur 19.742 kr., þ. e. laun til útborgunar 95.590 kr., laun í nóvember 1991 111.612 kr. mínus orlof og annar frádráttur 17.740 kr., þ. e. til útborgunar 93.842 kr. (sic), laun í desember til 12. 44.645 kr. mínus orlof og annar frádráttur 7.108 kr., þ. e. laun til útborgunar 37.537 kr., þ. e. samtals 326.119 kr. Orlofsskuld apríl til desember 1991 er sundurliðuð þannig: apríl 11.506 kr., maí 11.990 kr., júní 12.637 kr., ágúst 3.074 kr., september 11.347 kr., október 10.647 kr., nóvember 10.304 kr., orlof til 12. desember 1991 4.121 kr., samtals 75.626 kr.

Fyrir dómi bar stefnandi, Jón Haukur Bjarnason, að hann hefði verið ráðinn fyrsti stýrimaður á m/s Frey, ÓF-36, í apríl 1991 og verið þar í hálfan mánuð, en þá hefði öllum verið sagt upp. Að hálfum mánuði liðnum hafi hann haft samband við Rúnar Sigvaldason, framkvæmdastjóra stefnda, og hafi hann beðið sig að vera skipstjóra á lúðuvertíð. Kvaðst hann hafa beðið um umhugsunarfrest, en síðan tekið þetta að sér með þeim skilmálum, að hann fengi löglegan uppsagnarfrest, og Rúnar samþykkt það. Hafi hann svo rætt við Rúnar framkvæmdastjóra á skrifstofu hans á Ólafsfirði um lúðuveiðar og ítrekað ákvæði um uppsagnarfrestinn. Ekki hafi hann farið fram á skriflegan ráðningarsamning. Á skrifstofunni hafi verið eiginkona Rúnars og einhver strákur. Í ágúst hafi verið reynt að fá áhöfn á skipið, en það ekki tekist, og hafi Rúnar þá sagt öllum upp. Hann kvaðst hafa verið um borð í

skipinu í Hafnarfjarðarhöfn og taldi sig vera að vinna í uppsagnarfresti. Hafi hann þá vitað af því, að þeir Rúnar og Helgi Friðgeirsson áttu í samningaviðræðum um hugsanleg kaup á skipinu. Uppsagnarbréfið hafi hann fengið í hendur 1. september 1991 með sambýliskonu sinni. Þetta er á dskj. nr. 11 og dagsett á Ólafsfirði 1. 9. 1991 og hljóðar svo: „Vegna sölu á m/s Frey, ÓF-36, er þér hér með sagt upp störfum frá og með 1/9 '91.“ Undir bréfið ritar fyrir hönd stefnda Rúnar Sigvaldason. Hann kvaðst hafa verið búinn að ræða við Rúnar, að hann fengi í hendur formlega uppsögn og farið frá borði 19. september 1991 og afhent Helga Friðgeirssyni lykjavöld að bátnum. Hafi hann þó verið í bátnum sem skipstjóri, en ekki haft húsnæði á leigu að Kirkjuvegi 6 á Ólafsfirði, þar sem sambýliskona sín hafi verið með lítið herbergi á leigu, sem ekkert hafi verið á sínum vegum. Hafi það orðið að samkomulagi, að sambýliskona sín fengi greitt flugfar suður, en samkvæmt kjarasamningum hafi hann átt rétt til greiðslu flugfars norður, þar sem skipið landaði ekki í heimahöfn. Pennan rétt hafi hann ekki nýtt sér, heldur sambýliskona sín. Úttekt í versluninni Goða hafi verið fyrir útgerðina og gerð samkvæmt stöðuumboði og sér persónulega óviðkomandi svo og úttekt á lyfjum í lyfjakistu skipsins, sem lögboðið hafi verið og sér persónulega óviðkomandi. Hann mótmælti því, að stefndi færði sér til skuldar símareikning, 45.876,30 kr., sbr. dskj. nr. 30. Menn hafi átt að skrá símtöl og lengd þeirra í sérstaka bók, og um borð hafi verið bæði vélstjóri og stýrimaður, sem notuðu símann. Hafi hann sent útgerðinni bók þessa í pósti, en hún virðist ekki hafa komið fram. Aðspurður sagði hann, að áfengis hefði verið neytt í landlegum, en hvort það hefði verið ótæpilega gert, væri teygjanlegt. Nánar aðspurður, hvenær hann hefði fengið uppsagnarbréfið, mundi hann það ekki nákvæmlega, taldi það hafa getað verið 2. eða 3. september. Aðspurður um lengd lúðuvertíðar kvað hann það misjafnt, færi eftir veðri og ýmsum aðstæðum, en gæti verið frá febrúar-mars til september-október-nóvember. Hann kvaðst hafa verið ráðinn samkv. gildandi kjarasamningi og með þriggja mánaða uppsagnarfrest.

Fyrir dómi bar Þorleifur Rúnar Sigvaldason, framkvæmdastjóri stefnda, kt. 250454-3179, Hlíðarvegi 38, Ólafsfirði, að hann hefði spurt stefnanda, hvort hann vildi gera skriflegan samning um skipstjórn á lúðuvertíðinni, sem hann hefði verið ráðinn til. Hefði stefnandi neitað skriflegum samningi, en eiginkona sín og annað vitni hefðu verið að því, að hann væri eingöngu ráðinn lúðuvertíðina. En svo hefði farið, að útgerð skipsins hefði lognast út af vegna óreglu skipshafnar, og er stefnandi kom í land 1. ágúst, hefði hann sagt honum, að hann færi ekki meira á lúðuveiðar. Hefði hann beðið stefnanda að vera um borð í bátnum óákveðinn tíma, þar sem skipið

hefði verið til sölu. Kvaðst hann hafa frétt af því, að um borð hefði verið stanslaust fyllirí, er skipið var í Hafnarfjarðarhöfn, en 1. ágúst hefði verið ákveðið, að útgerð þess væri hætt og áhöfnin þá verið afskráð. Ekki kvaðst hann hafa beðið stefnanda að inna af hendi nein sérstök verkefni um borð í skipinu. Hann kvað það rangt, að allir hefðu verið reknir af skipinu í apríl 1991, heldur hefði verið um „stopp“ að ræða. Hann kvað Helga Friðgeirsson hafa tekið lykлавöld skipsins að sinni beiðni og rekið stefnanda í land. Tilefni uppsagnarbréfsins á dskj. nr. 11 hefði verið það, að stefnandi hefði oft hringt og alltaf verið að biðja um formlega uppsögn. Hefði hann þá ritað uppsagnarbréf að beiðni Hólmgeirs nokkurs hjá sjómannasambandinu, sem hefði sagt, að með því væri hann laus allra mála við stefnanda. Skipverjum og yfirmönnum hefði verið greiddur uppsagnarfrestur ca. eina viku. Dvöl stefnanda um borð í skipinu þetta langan tíma hefði stafað af því, að hann átti í fá hús að venda. Aðspurður kvaðst hann ekki vera vanur að gera skriflega ráðningarsamninga. Hann kvaðst oft hafa veitt stefnanda áminningu vegna drykkjuskapar hans. Hann taldi uppsagnarbréfið hafa borist stefnanda í byrjun september. Rétt væri, að stefnanda hefði verið sagt upp vegna sölu skipsins, en honum hefði ekki verið vikið úr starfi vegna óreglu. Lúðuvertíð hefði verið lokið og þar með starfi stefnanda og honum verið greitt kaup út ágústmánuð. Um borð í skipinu hefði verið rumpulýður.

Fyrir dóminn kom sem vitni Aðalheiður Helga Jóhannsdóttir skrifstofumaður, kt. 190356-4699, Hlíðarvegi 38, Ólafsfirði, eiginkona Þorleifs Rúnars Sigvaldasonar framkvæmdastjóra. Kvað hún stefnanda hafa verið ráðinn til reynslu þessa lúðuvertíð. Hafi hún hlustað á það á skrifstofu útgerðarinnar og stefnandi verið ráðinn til reynslu út lúðuvertíðina. Hafi hún vitað, hvernig málin stóðu með lúðuveiðarnar, því að um það hafi verið rætt bæði á heimili sínu svo og í vinnunni og ekki verið friður fyrir sífelldum símhringingum stefnanda, meira að segja á eigin heimili. Hafi hún merkt það, er hún ræddi við stefnanda í síma, að hann væri ölvaður. Hún staðfesti skýrslu sína um atvik á dskj. nr. 19.

Fyrir dóminn kom sem vitni Eggert Friðriksson, verkstjóri hjá Sigvalda Þorleifssyni hf., kt. 170464-3629, Ólafsvegi 30, Ólafsfirði. Staðfesti hann yfirlýsingu sína á dskj. nr. 21. Kvaðst hann hafa verið kallaður á skrifstofu framkvæmdastjóra og hann heyrt á tal hans og stefnanda um, að stefnandi yrði skipstjóri út lúðuvertíðina. Á skrifstofunni hafi einnig verið stödd eiginkona framkvæmdastjórans. Hann kvaðst ekki hafa verið kvaddur á skrifstofuna til að vera vottur að samræðum stefnanda og framkvæmdastjórans, heldur muna þetta úr samtali þeirra.

Vitnið Pétur Björgvin Matthíasson verslunarmaður, kt. 081150-3039,

Barðavogi 17, Reykjavík, staðfesti efni dskj. nr. 20, sem er yfirlýsing, dagsett á Ólafsfirði 13. 10. 1995, en hann var matsveinn á m/s Frey, ÓF-36. Hafi hann verið ráðinn lúðuvértíðina, og til hafi staðið að selja skipið, og það hafi stefnandi líka vitað. Óregla hafi verið mikil á skipinu, en allt í lagi með úttektir, þar til hann hætti um borð, sem hafi verið um verslunarmannahelgina 1991. Hann kvaðst hafa komið stefnanda í samband við Rúnar framkvæmdastjóra, þegar hann var ráðinn til starfa. Hafi lúðuveiðin lognast út af vegna óreglu. Hann kvaðst hafa ráðist matsveinn á m/s Skottu, sem stundaði lúðuveiðar fram undir áramót 1991–1992. Stefnandi hafi verið stýrimaður á m/s Skottu, en verið um borð stutt vegna óreglu. Hann kvaðst halda, að auglýst hefði verið eftir nýjum matsveini, er hann lét af störfum. Hann upplýsti, að menn hefðu verið slappir, er farið var til veiða, en ódrukknir, er hann var um borð.

Alit dómsins.

Með vísan til uppsagnarbréfs stefnda til stefnanda, dagsetts 1. september 1991, sbr. dskj. nr. 11, sem stefnandi viðurkennir móttöku á dagana 1., 2. eða 3. september 1991, verður að telja löglíkur á því, að ráðning hans hafi verið ótímabundin þrátt fyrir framburð vitna um annað, en líta verður til tengsla vitnanna við stefnda, er framburður þeirra er metinn.

Samkvæmt framburði stefnanda þykir rétt að miða við, að uppsögnin hafi haft réttaráhrif 1. september 1991, og ber því að greiða honum laun í þrjá mánuði frá þeim tíma eða til 1. desember 1991. Fellst dómurinn á málsástandur og lagarök stefnanda fyrir kröfum sínum.

Stefnandi hefur mótmælt þeim kröfum, sem stefndi hefur á hendur honum til skuldajafnaðar, og telur hann þær sér óviðkomandi, og er á það fallist með stefnanda.

Stefndi hefur ekki lagt fram nein gögn vegna yfirlits skuldastöðu stefnanda við sig, sbr. dskj. nr. 30, nema símareikning og húsaleigukvittanir, sem stefnandi hefur mótmælt, og er því ekki hægt að reisa niðurstöðu málsins varðandi reikningsskil aðila á þessu gagni.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda samkvæmt sundurliðun stefnufjárhæðar á dskj. nr. 3 laun í september, október og nóvember, alls 288.582 kr., svo og orlof frá apríl til nóvember 1991, samtals 71.505 kr.

Samkvæmt þessari niðurstöðu skal stefndi greiða stefnanda alls 360.087 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 12. desember 1991 til stefnubirtingardags 31. ágúst 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sigvaldi Þorleifsson hf., kt. 570269-7049, greiði stefnanda, Jóni Hauki Bjarnasyni, kt. 090457-5009, 360.087 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 12. desember 1991 til 31. ágúst 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað.
